

Til: stjórnar Landverndar

Tillaga að ályktun fyrir aðalfund Landverndar, 19. apríl, 2023

Frá: Kristínu Völu Ragnarsdóttur

Ályktunartillaga:

Landvernd telur að Ísland ætti að vera í farabroddi á þeirri mikilvægu vegferð að gera vistmorð refsivert til að vernda náttúruna fyrir komandi kynslóðir¹.

Aðalfundur Landverndar ályktar að ríkisstjórnin leggi til við aðildarríki Alþjóðlega sakamáladómstólsins um að vistmorð verði viðurkennt í Rómarsamþykktinni sem 5. glæpurinn gegn friði. Einnig að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að sambærilegar tillögur séu ræddar og afgreiddar innan Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Norðurlandaráðs.

Greinargerð

Í Rómarsamþykkt Sameinuðu þjóðanna frá 1996, sem er stofnlagabálkur Alþjóðlega sakamáladómstólsins í den Hague (e. International Criminal Court), eru fjórir glæpir gegn friði: Þjóðarmorð, glæpir gegn mannkyni, stríðsglæpir og árásarglæpir (nýleg viðbót). Síðastliðin 15 ár hefur alþjóðaumræðan verið verið meira og meira um að bæta við 5. glæpnunum – vistmorði.

Í skýrslu sem unnin var m.a. fyrir sænska þingið 2021 unnu 12 alþjóðlegir lögfræðingar að skilgreiningu á vistmorði fyrir Rómarsáttmálann. Skilgreiningin er hér að neðan í lauslegri þýðingu - en finna má enska textann hér: <https://www.stopecocide.earth/legal-definition>

Vistmorð merkir ólögmætar eða ósvífnar athafnir sem framdar eru með vitneskju um að verulegar líkur séu á því að alvarlegt og annað hvort víðtækt eða langvarandi tjón á umhverfinu verði af völdum þessara athafna.

Ósvífið merkir kærulaust tillitsleysi fyrir tjóni sem væri greinilega óhóflegt miðað við þann félagslega og efnahagslega ávinning sem gert er ráð fyrir.

Alvarlegt merkir tjón sem felur í sér mjög alvarlegar skaðlegar breytingar, röskun eða skaða á einhverjum þáttum umhverfisins, þ.m.t. alvarleg áhrif á mannlíf eða náttúrulegar, menningarlegar eða efnahagslegar auðlindir.

Víðtækt merkir tjón sem nær út fyrir afmarkað landsvæði, fer yfir landamæri eða hefur áhrif á heil vistkerfi, tegundir eða fjölda manna

Langvarandi merkir tjón sem er óafturkræft eða sem ekki er hægt að bæta með náttúrulegri endurheimt innan hæfilegs tíma.

Umhverfi merkir Jörðina, lífhvolf hennar, frosthvolf, steinhvolf, vatnshvolf og andrúmsloft sem og geiminn.

Umræða um að glæpavæða vistmorð hefur farið af stað á Íslandi. Árið 2014 kom Pollý Higgins til Íslands og kynnti hugtakið fyrir almenningi á samræðufundi í Norræna húsinu. Í mars 2022 var sett fram þverpólitísk þingsályktunartillaga um lög gegn vistmorði. Finna má tillögunina hér: <https://www.althingi.is/altext/152/s/0697.html> Síðan hafa verið haldin

¹ Þessari setningu var lítilega breytt á stjórnarfundi Landverndar 17. apríl 2023

málþing og skrifaðar greinar í dagblöð um vistmorð á Íslandi og nýlega var stofnaður opinn hópur á Fésbók undir heitinu *Stöðvum vistmorð*. Einnig má nefna að víða um heim eru lög gegn vistmorði komnin ofarlega á dagskrá stjórnvalda. Sjá má samtekt hér: <https://www.stopecocide.earth/leading-states>